

SKIPULAGSFRÆÐI - MEISTARANÁM
NÁMSBRAUTARLÝSING

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Lýsingu á MS námsbraut (Meistarapróf annað þrep, 4. stig) í samræmi við viðmið Menntamálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður frá 8. febrúar 2007 (Stjórnartíðindi B. Nr. 80).

Heiti námsbrautar	Skipulagsfræði
Heiti prófgráðu	MS gráða í skipulagsfræði
Deild	Umhverfisdeild Landbúnaðarháskóla Íslands
Forkröfur fyrir innritun	<p>Þeir sem lokið hafa BS eða BA prófi, með meðaleinkunn 6,5 eða hærri, geta sótt um inngöngu í námið. Ef nemandi uppfyllir ekki ákveðnar forkröfur verður honum gert kleift að taka þau námskeið sem á vantar á fyrsta skólaárinu samhliða meistaranáminu.</p> <p>Gerðar eru forkröfur um að nemendur hafi lokið grunnnámskeiðum í hagfræði, umhverfismálum (vistfræði og náttúrufræði), kortalæsi (GIS), tölfræði, tölvustuddri hönnun og grafískri framsetningu á háskólastigi. Metið í hverju tilviki fyrir sig.</p>
Markmið námsbrautar (yfirlit)	<p>Námsbraut í Skipulagsfræði er 2 ára MS nám sem hefur það að markmiði að vera framsækið nám sem samtvinnar faglega þætti skipulagsfræðinnar og íslenskar aðstæður með sjálfbæra þróun og sköpun lífvænlegs umhverfis að leiðarljósi. Námið veitir nemendum breiða, þverfaglega þekkingu á skipulagsfræði. Skipulagsfræði er sjálfstæð fræðigrein, en henni tengist fjöldi annarra greina sem koma að skipulagsfræði. Hér má nefna lögræði, félagsfræði, hagfræði, landfræði, náttúrufræði, sagnfræði, landslagsarkitektúr, arkitektúr og verkfræði.</p> <p>Námið er byggt upp af skipulögðum námskeiðum að þremur fjórðu og sjálfstæðu rannsóknarverkefni að einum fjórða.</p> <p>Megináherslur í efni námskeiðanna er gagnrýn skipulagshugsun þar sem blandað er saman námskeiðum um skipulagskenningar, siðfræði og fjölbreyttri aðferðafræði til að ná fram betri skipulagslausnum sem mynda ramma mannlífs og samfélags.</p> <p>Námið þjálfar nemendur í að beita megindegum og eigindegum rannsóknaraðferðum, rýmishönnun og skipulagsaðferðafræði til að koma á samstarfi hagsmunaaðila. Aðstæður á Íslandi er um margt sérstakar og því er mikilvægt að skipulagsfræðingar sem starfa á Íslandi hafi aflað sér þekkingar á náttúruvari, veðurfari, samfélagi, hagkerfi, lagaumhverfi, tækni, menningu, fagurfræði, sögu landsins, byggðarþróun og innri gerð byggðar. Að loknu námi eiga nemendur að hafa öðlast haldgóða þekkingu á skipulagsfræði sem atvinnugrein og geta unnið sjálfstætt að ráðgjöf (aðgerðir og inngrip), við lausn vandamála og að þróunarverkefnum á sviði skipulags. Í náminu er gert ráð fyrir að nemendur sækji námskeið við Landbúnaðarháskóla Íslands og aðra skóla sem LbhÍ hefur samstarf við svo sem Háskóla Íslands og erlenda háskóla. Valfrlsi í hluta námsins gefur tækifæri til að sækja nám við aðra háskóla, gjarnan erlendis, auk þess sem færi gefst til nokkurrar sérhæfingar t.d. á sviði borgarskipulags og hönnunatengdra sérgreina, umhverfisskipulagstengdra sérgreina, eða stjórnsýslutengdra sérgreina. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og verkefnavinnu sem miðar að lausn raunverulegra vandamála/viðfangsefna og þjálfar hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt að námi loknu. Nemendur ljúka almennt 30 ECTS rannsóknarverkefni en geta valið 60 ECTS rannsóknarverkefni til að leggja áherslu á rannsóknir og undirbúning fyrir doktorsnám. Rannsóknarverkefnið skal unnið undir handleiðslu tveggja leiðbeinanda, starfsmanns LbhÍ annars</p>

	<p>vegar og löggilts skipulagsfræðings hinsvegar, Sjálfstætt rannsóknarverkefni nemenda miðar að því að þjálfa fræðilega hæfni auk skipulagshæfni og sjálfstæðra vinnubragða við lausn vandamála. Miðað er við að nemendur sem útskrifast af námsbrautinni hafi aflað sér nauðsynlegrar þekkingar til að uppfylla þær menntunarkröfur sem gerðar eru til skipulagsfræðinga af Skipulagsfræðingafélagi Íslands.</p>
<p>Viðmið um þekkingu skilning hæfni og færni að loknu námi:</p>	<p>Megin markmið námsbrautarinnar er að útskrifa nemendur sem hafa tileinkað sér sérhæfingu skipulagsfræðingsins í að tvinna saman alla þá ólíku þætti sem koma að skipulagsgerð, hagræna, félagslega, umhverfislega, lagalega og hagsmunatengda þætti. Námið inniheldur alla grundvallarþætti skipulagsgerðar (30 ECTS) þar sem kenndar eru meðal annars skipulagskenningar og aðferðir, skipulagsferlar, stjórnkerfi, lagaumhverfi og hagsmunir í skipulagi. Einnig eru kenndar hagrænar, félagslegar, tæknilegar og umhverfislegar forsendur í skipulagi og grunnþættir í byggðu og náttúrulegu umhverfi. Fjallað er um mat og samanburð í skipulagi. Þá er kortagerð (GIS) og grafísk framsetning kennd.</p> <p>Fjallað er um sérhæfingu í helstu skipulagsþáttum (42 ECTS) og ólíka aðferðafræði sem beitt er við skipulagsgerð til að fá sem bestar skipulagsúrlausnir sem miða að sjálfbærri þróun og lífvænlegu umhverfi. Kenndar eru aðferðir við meginlegar og eigindlegar rannsóknir, rýmishönnun og samstarf hagsmunaaðila. Valgreinar (18 ECTS) sem dreifast á öll árin eru hugsaðar til að veita nemendum tækifæri til að sérhæfa sig innan ákveðinna sérgreina t.d. umhverfisskipulags, borgarskipulags eða stjórnsýslutengdra sérgreina. Valgreinarnar tengjast því sviði sem nemendur vinna rannsóknarverkefnið sitt á og eru hugsaðar til að gera þá betur í stakk búna til að takast á við það og auka þekkingu þeirra á því sérsviði. Að námi loknu ættu nemendur að vera í stakk búnir til að takast á við stjórn og skipulagsgerð, og jafnframt að geta metið afleiðingar ákvarðana sem teknar eru í skipulagi og vera stjórnvöldum skipulagsmála til leiðbeiningar í þeim efnum.</p>
<p>A. Þekking og skilningur:</p>	<p>Að nemandinn hafi öðlast kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu sem völ er á innan tiltekins fræða- og/eða starfssviðs. Auk þekkingarmarkmiða af fyrsta þrepi skal nemandi á öðru þrepi hafa dýpkað eða breikkað þann þekkingargrunn sem hann hefur tileinkað sér á fyrri þrepum. Að nemandinn geti nýtt þekkingu sína og skilning í faglegru vinnu eða við starfsgrein og hafi hæfni til að rökstyðja faglegar úrlausnir eða lausnir á vanda í viðkomandi fræðigrein.</p> <p>-----</p> <p>Að loknu námi eiga nemendur að hafa tileinkað sér þekkingu og skilning á:</p> <p>-----</p> <p>A1. Eðli skipulagsfræði sem nýtir fyrirliggjandi land á grunni hagnýtrar, samfélags og náttúrfarslegra forsenda. 07.60.02 Skipulagskenningar og aðferðir, 07.61.03 Skipulagslögfræði.</p> <p>A2. Skipulagsfræði sem sampili margra þátta sem byggjast á staðháttum, veðurfari og náttúrfari, sögu, tækni og menningu, löggjöf og stjórnsýslu, efnahag og félagsmálum, með sjálfbærri þróun og sköpun lífvænlegs umhverfis að leiðarljósi. 07.62.01 Maður og skipulag, 07.60.02 Skipulagskenningar og aðferðir, 07.61.03 Skipulagslögfræði og stjórnsýsluramminn, 08.61.02 Borgarskipulag og hönnun, 08.64.06 Heildstætt og hagnýtt skipulag, HAG002G Borgarhagfræði, 08.62.02 Rannsóknir í</p>

	<p>skipulagsfræðum.</p> <p>A3. Starfsumhverfi skipulagsfræðinnar í þjóðfélaginu í formi laga, reglna og skipulagsferla ásamt stefnumörkun stjórnvalda varðandi skipulagsmál og áhrifum stjórnvaldsákvarðana á starfsumhverfið. 07.61.03 Skipulagslögfræði og stjórnsýsluramminn, 07.60.02 Skipulagskenningar og aðferðir.</p> <p>A4. Hvernig á að nýta og samþætta fagþekkingu úr fjölda annarra greina sem koma að skipulagsfræði við lausn vandamála í skipulagsgerð, sem og í þróunarstarfi og nýsköpun. 07.60.02 Skipulagskenningar og aðferðir, 07.61.03 Skipulagslögfræði og stjórnsýsluramminn, 08.61.02 Borgarskipulag og hönnun, HAG002G Borgarhagfræði, 08.62.02 Rannsóknir í skipulagsfræðum.HAG101F Kostnaðar og nytjagreining, FOM102F Eiginlegar rannsóknaraðferðir I.</p> <p>A5. Grunnþáttum vísindaheimspeki og siðfræði í tengslum við rannsóknir og þróun á sviði skipulagsfræði og skyldra greina. 07.06.03 Vísindaheimspeki og siðfræði.</p>
<p>B. Tegund þekkingar:</p>	<p>Að nemandinn hafi mikilvæga vitneskju um vandamál og viðfangsefni, byggða á nýjustu upplýsingum og rannsóknum á viðkomandi fræðasviði. Að nemandinn hafi tileinkað sér þekkingu með námskeiðum og rannsóknum á sérhæfðu fræðasviði.</p> <p>Að loknu námi eiga nemendur að hafa tileinkað sér sérhæfða þekkingu á:</p> <p>B1. Nýjustu rannsóknum á sviði borgarskipulags og hönnunatengdra sérgreina, umhverfisskipulagstengdra sérgreina, eða stjórnsýslutengdra sérgreina og hvernig tengja má þá þekkingu inn á viðfangsefni íslensks skipulags. 07.62.01 Maður og skipulag, 08.61.02 Borgarskipulag og hönnun, 08.64.06 Heildstætt og hagnýtt skipulag, 07.61.03 Skipulagslögfræði.</p> <p>B2. Stöðu íslenskrar skipulagsgerðar með áherslu á að ná fram sem bestum skipulagsúrlausnum sem miða að sjálfbærri þróun og lífvænlegu umhverfi, í ljósi nýjustu þekkingar og framfara á sviði ólíkrar aðferðafræða sem beitt er við skipulaggarð. 08.61.02 Borgarskipulag og hönnun, 08.64.06 Heildstætt og hagnýtt skipulag, .HAG101F Kostnaðar og nytjagreining, FOM102F Eiginlegar rannsóknaraðferðir I.</p> <p>B3. Helstu þáttum markaðsfræði, stefnumótunar og uppbyggingarstarfsemi og hvernig þessi svið tengjast inn á skipulagsfræði m.t.t. íbúalýðræðis. 08.60.02 Völd og lýðræði í skipulagi.</p> <p>B4. Sérhæfingu á tilteknu sviði skipulagsfræðinnar (að eigin vali) í gegnum valnámskeið og eigin rannsóknarverkefni.</p> <p>B5. Gæðum manngerðs umhverfis og forsendum fyrir sjálfbærri skipulagsgerð og uppbyggingu. 07.62.01 Maður og skipulag, 08.61.02 Borgarskipulag og hönnun, 08.64.06 Heildstætt og hagnýtt skipulag.</p>
<p>C. Hagnýt þekking:</p>	<p>Að nemandinn geti tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær á grunni fræðasviðs. Að nemandinn hafi getu og hæfni til þess að meta, greina og afla vísindalegra gagna. Að nemandinn geti þróað og sett í samhengi verkefni með aðferðum á grunni fræðanna, kenninga og/eða tilrauna. Að nemandinn geti skilið og tekist á við flókin viðfangsefni í</p>

	<p>faglegu samhengi.</p> <p>Að loknu námi eiga nemendur að hafa tileinkað sér hagnýta þekkingu á:</p> <p>C1. Öflun heimilda og fagupplýsinga um sérhæfð málefni og úrvinnslu slíkra upplýsinga í samhengi við eigin viðfangsefni. 07.07.02 Aðferðafræði í framhaldsnámi og rannsóknum, 10.10.30 Meistararitgerð. Heimildarritgerðir og verkefni í flestum skyldunámskeiðum.</p> <p>C2. Greiningu flókinna og margbættra viðfangsefna á sviði skipulagsfræði og geta nýtt sér fagþekkingu úr ýmsum þáttum námsins til slíkra starfa. 07.60.02 Skipulagskenningar og aðferðir, 07.61.03 Skipulagslögræði og stjórnsýsluramminn, 08.61.02 Borgarskipulag og hönnun, HAG002G Borgarhagfræði, 08.62.02 Rannsóknir í skipulagsfræðum. HAG101F Kostnaðar og nytjagreining, FOM102F Eigindlegar rannsóknaraðferðir I.</p> <p>C3. Ritun vísindagreina samkvæmt viðurkenndum aðferðum og framsetningu fagefni í skýrslum og fyrirlesturum. 07.07.02 Aðferðafræði í framhaldsnámi og rannsóknum, 10.10.30 Meistararitgerð.</p> <p>C4. Notkun sérhæfðs hugbúnaðar við framsetningu skipulagsuppráttanna og skýringamynda. 08.64.06 Heildstætt og hagnýtt skipulag, og ýmis valnámskeið.</p> <p>C5. Skipulagningu smærri rannsóknarverkefna, gerð framkvæmdaáætlunar og styrkumsókna fyrir rannsóknarverkefni. 07.07.02 Aðferðafræði í framhaldsnámi og rannsóknum, 10.10.30 Meistararitgerð.</p> <p>C6. Öflun gagna í eigin rannsóknum, greining þeirra og túlkun í samhengi við aðrar rannsóknir á fræðasviðinu. 10.10.30 Meistararitgerð.</p>
<p>D. Fræðileg hæfni:</p>	<p>Að nemandinn geti metið sjálfstætt hvenær mismunandi greiningaraðferðir og flókin fræðileg atriði eiga við. Að nemandinn sýni fram á aukinn og dýpri skilning og víðtækari yfirsýn á sérfræðisviði sínu en felst í námi á fyrsta þrepi. Að nemandinn geti nýtt þekkingu sína, skilning og úrlausnarhæfni við nýjar og ókunnuglegar aðstæður í breiðu eða þverfaglegu samhengi sem tengist viðkomandi fræðasviði. Að nemandinn hafi hæfileika til að samþætta þekkingu, eiga við flókin viðfangsefni og setja fram skoðun út frá takmörkuðum upplýsingum. Að nemandinn þekki til rannsóknaraðferða á sínu fræðasviði og sé læs á rannsóknir og niðurstöður þeirra. Að nemandinn geti beitt rannsóknarferlinu með árangri og framkvæmt smærri rannsóknarverkefni.</p> <p>Að loknu námi eiga nemendur að hafa tileinkað sér fræðilega hæfni er varðar:</p> <p>D1. Geta nýtt sér þekkingu og upplýsingar úr fag- og vísindaritum sem og fyrra námi við lausn þverfaglegra verkefna í skipulagsfræði og við skipulagsgerð.</p> <p>D2. Geta lagt sjálfstætt mat á rannsóknir og niðurstöður þeirra og metið gildi þeirra og þýðingu fyrir tiltekið fagsvið eða málefni.</p>

	<p>D3. Geta skipulagt og framkvæmt smærri rannsóknaverkefni og tilraunir á sviði skipulagsfræðinnar, skráð niðurstöður, greint þær tölfræðilega og túlkað.</p> <p>D4. Geta samþætt þekkingu úr námi, vísindum og reynslu af hagnýtum verkefnum til að sjá hluti í þverfaglegu samhengi, sem nýtist við lausn vandamála.</p> <p>Þessi atriði eru einkum þjálfuð í sjálfstæðu rannsóknaverkefni MS nema en einnig í verkefnavinnu í flestum skyldunámskeiðum.</p>
<p>E. Hæfni í samskiptum, upplýsingalæsi og miðlun:</p>	<p>Að nemandinn geti átt frumkvæði að verkefnum á fræðasviði, stýrt þeim verkefnum og axlað ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa. Að nemandinn geti greint á skýran og ótvíræðan hátt frá flóknum fræðilegum viðfangsefnum og/eða fræðilega rökstuddum niðurstöðum, einn eða í samstarfi við aðra, bæði meðal sérfræðinga og leikmanna. Að nemandinn hafi kunnáttu og þekkingu til þess að greina og miðla tölulegum upplýsingum. Að nemandinn hafi tileinkað sér notkun hugbúnaðar sem nýtist best í viðkomandi fræðigreini. Að nemandinn hafi þekkingu á siðfræði vísinda.</p> <p>Að loknu námi eiga nemendur að hafa tileinkað sér hæfni í samskiptum, upplýsingalæsi og miðlun er varðar:</p> <p>E1. Skipulagningu smærri rannsóknaverkefna, gerð framkvæmdaáætlunar og styrkumsókna. Geta gert grein fyrir áætlunum um verkefni og innihaldi þeirra. 07.07.02 Aðferðafræði í framhaldsnámi og rannsóknnum, 10.10.30 Meistararitgerð.</p> <p>E2. . Notkun sérhæfðs hugbúnaðar í ráðgjafastörfum varðandi skipulagsgerð og skipulagsframsetningu . Geta útskýrt notkun sérhæfðra forrita sem og niðurstöður sem forritin skila fyrir notendum 08.64.06 Heildstætt og hagnýtt skipulag, HAG101F Kostnaðar og nytjagreining, FOM102F Eigindlegar rannsóknaraðferðir I.</p> <p>E3. Geta miðlað munnlegum upplýsingum og fræðslu til fagfólks og almennings bæði í smáum hópum, "maður á mann" sem og í erindum og fyrirlesturum á stærri fundum. Geta ritað skýrslur og greinar um fagleg efni fyrir mismunandi markhópa. 07.60.02 Skipulagskenningar og aðferðir, Verkefni í fagnámskeiðum.</p>
<p>F. Náms hæfni:</p>	<p>Að nemandinn hafi þróað með sér nauðsynlega náms hæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta tekist á hendur frekara nám á þrepi þrjú sem er að miklu leyti byggt á sjálfstæðum vinnubrögðum.</p> <p>Að loknu námi eiga nemendur að hafa tileinkað sér náms hæfni varðandi:</p> <p>F1. Sjálfstæð vinnubrögð í námi og upplýsingaöflun sem nýtist í viðbótar- og endurmenntun á eigin fagsviði og einnig til náms sem breikkar þekkingargrunninn, t.d. í námi til annarrar MS gráðu.</p>

	<p>Þjálfun á þessu sviði fer fram í öllum þáttum námsins.</p> <p>F2. Ef nemandi velur 60 ECTS rannsóknarverkefni, þá er það grunnur að doktorsnámi. Að nemandinn hafi þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta tekist á hendur frekara nám á þrepi þrjú sem er að miklu leyti byggt á sjálfstæðum vinnubrögðum.</p>
<p>Kennsluaðferðir og námsmat</p>	<p>Kennsla á námskeiðum í MS Skipulagsfræði-námi byggist á blöndu af hefðbundum fyrirlestrum, umræðutímum, verkefnavinnu og vettvangsferðum. Allar þessar kennsluaðferðir miða að þjálfun allra þeirra þátta sem að framan eru taldir. Fyrirlestrar og verkefnavinna þjálfar sérstaklega þekkingu og skilning. Verkefnavinna þjálfar einnig hagnýta þekkingu og hæfni í upplýsingaöflun og miðlun. Leitast er við að þjálfar sjálfstæð vinnubrögð nemenda með fjölbreyttri verkefnavinnu, sem er bæði fræðileg og hagnýt í gegnum allt námið. Mikil áhersla er á umræðutíma og verkefnavinnu í öllum námskeiðum og námsmat er byggt á úrlausnum verkefna allt frá 30% til 100% af lokaeinkunn.</p>
<p>Námsskrá námsbrautar</p>	<p>Skipulagsfræði nám til MS prófs er byggt upp af 72 ECTS einingum í skyldunámskeiðum (þar af eru 10 einingar sameiginleg skyldunámskeið fyrir alla MS nema LbhÍ), 18 ECTS einingum í valnámskeiðum og 30 ECTS einingum í sjálfstæðu MS verkefni. Nemendur eru hvattir til að sækja valnámskeið við aðra háskóla, gjarnan erlendis. Í MS verkefninu vinna nemendur að sjálfstæðu rannsóknaverkefni og skrifa ritgerð undir leiðsögn kennara.</p> <p>Sjá nánar fylgiskjal V.SKFR með yfirliti yfir námskeið námsbrautarinnar og námskeiðslýsingar.</p>